

29. & 30. NÓVEMBER  
2023

HARPA  
ELDBORG



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# The King's Singers

AÐVENTUTÓNLEIKAR

# Velkomin

---

Vinsamlegast hafið slökkt  
á farsímum meðan á  
tónleikum stendur.

---

## Tímalengd verka

Fyrir hlé: um 45'

Eftir hlé: um 40'

Tónleikunum 30. nóvember er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.

# The King's Singers

AÐVENTUTÓNLEIKAR Í ELDBORG 29. OG 30. NÓVEMBER KL 19:30

## Sinfóníuhljómsveit Íslands

**Adam Hickox**

hljómsveitarstjóri

## The King's Singers

Patrick Dunachie

Edward Button

Julian Gregory

Christopher Bruerton

Nick Ashby

Jonathan Howard

Leroy Anderson

### Jólaforleikur

Þjóðlag, úts. Bob Chilcott

### Here we come a-wassailing

Þjóðlag/John Jacob Niles, úts. Bob Chilcott

### I wonder as I wander

Richard Storrs Wills, úts. Bob Chilcott

### It came upon the midnight clear

Georg Friedrich Händel

### Lagartónlist, svíta nr. 2 í D-dúr, HWV 349

Allegro / Alla Hornpipe / Lentement / Minuet / Bourrée

Úr handriti frá 15. öld, úts. Philip Lawson

### Veni, veni Emmanuel

Katherine K. Davis, úts. John McCarthy

### The little drummer boy

Úr Piaa Cantiones 1582, úts. Brian Kay

### Gaudete!

Þjóðlag, úts. Alexander L'Estrange/Matthias Bucher

### Still, still, still

Rebecca Cook, úts. Matthias Bucher

### Fröhliche Weihnacht überall

## Hlé

James Lord Pierpont, úts. Alexander L'Estrange

### Jingle bells

Meredith Willson, úts. Alexander L'Estrange

### It's beginning to look a lot like Christmas

J.F. Coots/H. Gillespie, úts. Alexander L'Estrange

### Santa Claus is coming to town

Franz Gruber, úts. John Rutter

### Stille Nacht, heilige Nacht

Johann Sebastian Bach, úts. Leopold Stokowski

### Slá þú hjartans hörpustrengi, kafli úr kantötu BWV 147

Johann Sebastian Bach, úts. Ottorino Respighi

### Vakna, Síons verðir kalla, kafli úr kantötu BWV 140

Þjóðlag, úts. Bob Chilcott

### Ding dong! merrily on high

Þjóðlag, úts. Bob Chilcott

### The Wexford carol

Þjóðlag/Georges Bizet, úts. Bob Chilcott

### Patapan og Farandole

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: [en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is).



# Kveðja frá The King's Singers

Við erum einstaklega ánægðir með að fá að flytja þessa efnisskrá með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Við undirbjuggum tónleikana fyrir nokkrum árum og það er því spennu í loftinu núna þegar heimsfaraldurinn er að baki og við fáum loks tækifæri til þess að koma fram með sveitinni í þessum fallega tónleikasal. Um miðbik efnisskrárinnar gefst okkur tækifæri til þess að syngja án meðleiks nokkur af okkar einkennis jólalögum, bæði lög eins og *Veni, veni Emmanuel* og *Stille Nacht*, sem hafa lengi verið á efnisskrá hópsins, og önnur minna hástemmd eins og *Santa Claus is coming to town* sem er að finna á nýlegri jóladjassplötu okkar.

Í okkar augum er þó kjarni tónleikanna þau lög sem við flytjum með Sinfóníuhljómsveit Íslands í glæsilegum hljómsveitarútsetningum. Margar þeirra eru eftir Bob Chilcott, sem eitt sinn söng tenórrödd með The King's Singers. Honum er einkar lagið að finna þessum einföldu, gömlu lögum heillandi búning þar sem fíngerður samsöngur okkar blandast krafti og víddum sinfóníuhljómsveitar á litríkan hátt. Útsetningar Chilcotts eru fjölbreyttar, allt frá tærum einfaldleika *I wonder as I wander* yfir í skrautgirnina sem einkennir *Ding dong! merrily on high*.

Tónleikarnir eru haldnir í upphafi aðventu þegar kristin kirkja byrjar undirbúning sinn fyrir hátíðina sem nálgast. Ef ykkur finnst þið ekki alveg komin í jólaskap enn, þá verðið þið það áreiðanlega eftir þessa söngveislu!

**The King's Singers**

[www.kingssingers.com](http://www.kingssingers.com)



# Adam Hickox

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Adam Hickox er ungur að árum og hefur verið að hasla sér völl sem hljómsveitarstjóri á undanförunum misserum. Hann stundaði nám í tónfræðum og tónsmíðum við háskólann í Cambridge og lagði síðan stund á hljómsveitarstjórn við Royal Academy of Music í Lundúnum. Árið 2019 var hann ráðinn aðstoðarhljómsveitarstjóri Fílharmóníusveitarinnar í Rotterdam til þriggja ára og kom á því tímabili einnig fram sem gestastjórnandi með Orchestre de Paris, Þjóðarhljómsveit Breska útvarpsins (BBC) í Wales og símfóníuhljómsveitinni í Gävle í Svíþjóð.

Á þessu ári hefur Hickox meðal annars stjórnað *Toscu* eftir Puccini í uppfærslu Opera North í Englandi og *Ástardrykknum* eftir Donizetti hjá Glyndebourne-óperunni, auk þess að stjórna hljómleikum með Þjóðarhljómsveit Írlands í Dyflinni og Ulster-hljómsveitinni í Belfast, svo dæmi séu tekin. Hann þreytti í haust frumraun sína með tveimur af símfóníuhljómsveitunum í Lundúnum, hljómsveitinni Philharmonia og Konunglegu fílharmóníusveitinni, og á nýja árinu taka við tónleikar með símfóníuhljómsveitinni í St. Gallen í Sviss, Deutsches Symphonie-Orkester í Berlín og Orchestre de la Suisse Romande.



# The King's Singers

Þessi víðfrægi sönghópur varð til á sjöunda áratug síðustu aldar þegar sex fyrrum söngvarar úr kór King's College, Cambridge hófu að æfa saman veraldlega söngva. Þeir komu í fyrsta sinn fram undir nafninu The King's Singers á tónleikum í Queen Elizabeth Hall í Lundúnum þann 1. maí árið 1968 og miða upphaf sögu sinnar við þann dag. Hópurinn samanstóð af tveimur kontratenórum, tveimur baritónum, tenór og bassa og hefur sú raddskipan haldist alla tíð þótt skipt hafi verið um menn í áhöfninni. Aðalsmerki hópsins er fjölhæfni, raddfimi og firna nákvæmur samsöngur.

Efnisskrá The King's Singers hefur í áranna rás rúmað afar fjölbreytta tónlist, allt frá endurreisnartónlist til Bítlalaga, frá þjóðlögum til vinarvalsa og yfir í tónsmíðar György Ligeti. Jólatónlist hefur jafnan skipað ríkulegan sess í dagskrá þeirra. Sönghópurinn hefur ferðast um allan heim og hann hefur tvívegis áður sungið á Íslandi, fyrst í Reykjavík 1989 á vegum Tónlistarfélagsins og síðan í Hörpu og Skálholti 2015. Hópurinn kemur nú í fyrsta sinn fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Tónleikarnir voru fyrirhugaðir fyrir heimsfaraldur en verða nú loks að veruleika.



Bob Chilcott

# Nú minnir svo ótal margt á jólin

Mörg laganna sem The King's Singers flytja á þessum tónleikum tengjast enskri jólalagahefð, því sem innfæddir kalla *carols*. Sú hefð á rætur að rekja til miðalda þegar stignir voru hringdansar með söng, eins konar vikivakar. Forsöngvari söng þá erindin í laginu en aðrir þátttakendur tóku undir viðlagið. Slíkt var alþýðuskemmtun og einskorðaðist ekki við aðventu og jól. Yrkisefnin voru oft sótt í helgisögur en sumir söngvanna voru þó meira í ætt við drykkjuvísur og gleðisöngva eins og heyra má í **Here we come a-wassailing**. Eftir því sem aldri liðu og jólin urðu viðameiri hátíð ruddu sérstök jólalög sér enn frekar til rúms og þá ekki eingöngu lög í hinum gamla stíl heldur líka sönglög í anda sálmalaga, hægferðugri og án viðlags. Lag af því tagi er **It came upon the midnight clear**. Það var samið árið 1850 af bandaríska tónskáldinu Richard Storrs Willis (1819–1900), sem verið hafði nemandi Felix Mendelssohns, við sálm eftir landa hans Edmund Sears. **I wonder as I wander** er einnig bandarískt lag sem þjóðlagasafnarinn og söngvarinn John Jacob Niles (1892–1980) byggði á broti úr þjóðvísu sem hann heyrði unga stúlku, Annie Morgan, syngja í Appalásíufjöllunum árið 1933. Og aðeins fáeinum árum síðar samdi tónskáldið og píanóleikarinn Katherine Kennicott Davis (1892–1980) lag sem átti eftir að verða eitt ástsælasta jólagið vestra. Hún nefndi það upphaflega Carol of the drum en það er löngu orðið þekkt sem **The little drummer boy**.

Jólagagahefðin gat því af sér nýja sprota vestanhafs og gömul lög voru einnig færð í nýjan búning enda jókst eftirspurn eftir nýjum útsetningum mjög með tilkomu hljóðritana og plötuútgáfu. **A Christmas Festival**, konsertforleikur Leroy Anderson (1908–1975), varð til þegar Arthur Fiedler, stjórnandi Boston Pops hljómsveitarinnar, bað Anderson um að skrifa verk fyrir væntanlega jólaplötu sveitarinnar árið 1950. Anderson brást við skjótt og valdi vinsæl jólalög sem hann óf saman í forleik; þar hljóma meðal annars löggin sem við þekkjum sem *Skreytum hús með greinum grænum*, *Bjart er yfir Betlehem*, *Heims um ból*, *Jólaflukkur* og *Guðs kristni í heimi*.



Georg Friedrich Händel

Georg Friedrich Händel (1685–1759) var líka að bregðast við pöntun þegar hann samdi **Lagartónlist** sína. Händel var frá Saxlandi en fluttist ungur til Englands og starfaði þar í skjóli Georgs konungs 1. sem sjálfur var af þýsku bergi brotinn. Sumarið 1717 vildi Hans hátign létta sér upp og óskaði eftir því að efnt yrði til tónleika úti á Tempsá við Lundúnir. Händel sá um tónlistina og þar var öllum mögulegum hljóðfærum tjaldað til – alls voru um 50 hljóðfæraleikarar um borð í hljómsveitarbátnum sem fylgdi skemmtiskútu konungs fast eftir. Konungur varð svo hrifinn af tónlistinni að hún var flutt þrisvar sinnum þetta kvöld, tvisvar sinnum fyrir kvöldverð og í þriðja sinn að máltíð lokinni. Veður var hið besta og á ánni flaut fjöldi báta með fólki sem naut tónlistarinnar. Hún er enda bæði hátíðleg og upplýftandi.

Það er ekki alltaf hlaupið að því að rekja upphaf gamalla evrópskra jólasöngva enda hafa þeir borist land úr landi, laglínur bognað og breyst og textum verið snúið. Latínu-söngurinn **Veni, veni Emmanuel** hljómar nú á dögum á flestum þjóðtungum Evrópu en frumtextinn dregur dóm af andstefjum í tíðasöng katólsku kirkjunnar á miðöldum. Lagið hefur áreiðanlega gengið manna á milli í munnlegri geymd um langan aldur en það varðveittist einnig niðurskrifað í frönsku handriti frá 15. öld. Sönginn **Gaudete** er hins vegar að finna í finnska söngvasafninu *Piae Cantiones* sem prentað var í Greifswald árið 1582. Það er elsta söngbók Norðurlanda og hefur að geyma geistlega söngva sem tíðkuðust meðal skólapilta í Finnlandi á ofanverðum miðöldum. Flestir þeirra eru á latínu og lögin mörg líklega komin sunnan úr álflu þótt það sé ekki einhlítt. Sum þessara laga voru einnig sungin á Íslandi og þekkjast enn, svo sem Oss barn er fætt í Betlehem.

Barnið í jötunni er vitaskuld kjarni jólasögunnar og vöggvísur hafa frá upphafi verið hluti jólalagahefðarinnar. Á efnisskránni í kvöld eru tvær austurrískar vöggvísur. Sú fyrri, **Still, still, still**, er þjóðlag frá Salzburg. Hin varð einnig til þar um slóðir en er nú orðin eitt útbreiddasta jólalag allra tíma. Þar er vitaskuld átt við **Stille Nacht, heilige Nacht**, lagið sem Franz Gruber samdi við kvæði Josephs Mohr og þeir félagar frumfluttu á aðfangadagskvöld 1818 í kirkjunni í Oberndorf, nærri Salzburg. Kvæðið hefur verið þýtt á fleiri en 300 tungumál en lagið er líka sungið við frumorta texta – héraendis til að mynda við sálminn Heims um ból eftir Sveinbjörn Egilsson.





Johann Sebastian Bach

**Fröhliche Weihnacht über all** er ástsælt jólalag á þýska málsvæðinu en reyndar upprunnið vestanhafs og ber þar heitið Merry, Merry Christmas! Þessi glaðlegi jólasöngur kennarans Rebecca Cook rataði inn í söngvasöfn sunnudagaskóla í Bandaríkjunum á síðari hluta 19. aldar og barst þaðan yfir til Þýskalands. Smellurinn **Jingle bells** eftir James Lord Pierpoint (1822–1893) er annað dæmi um bandarískt jólalag frá 19. öld sem enn lifir góðu lífi bæði heima og heiman. Það hefur verið hljóðritað oftar en tölu verði á komið, líkt og á við um lögin **It's beginning to look a lot like Christmas** og **Santa Claus is coming to town** sem eru frá því um og fyrir miðja síðustu öld.

Í síðari hluta efnisskrárinnar leikur sinfóníuhljómsveitin kafla úr tveimur kantötum Johans Sebastians Bach (1685–1750) sem hann samdi á árunum sem hann var kantor við Tómasarkirkjuna í Leipzig. Í krafti vinsælla umritana hafa þessir kaflar öðlast sjálfstætt líf utan síns upphaflega samhengis. Hér er annars vegar um að ræða kórkafla úr kantötunni *Herz und Mund und Tat und Leben* (BWV 147), kafla sem við þekkjum undir heitinu **Slá þú hjartans hörpustrengi**, og hins vegar kafla úr kantötunni *Wachet auf, ruft uns die Stimme* (BWV 140), **Vakna Síons verðir kalla**. Kaflarnir urðu Bach sjálfum efni í sérstaka orgelforleiki sem hafa orðið með eindæmum vinsælir en síðari tíma tónskáld og flytjendur hafa einnig spreytt sig á að útsetja þá á ýmsan hátt. Í kvöld hljóma útsetningar breska hljómsveitarstjórans Leopolds Stokowski (1882–1977) og ítalska tónskáldsins Ottorino Respighi (1879–1936).

Tónleikunum lýkur á lagabrennu sem Bob Chilcott hefur útsett, eins og lögin þrjú sem flutt voru í upphafi tónleikanna. Þar er fyrst **Ding dong! merrily on high**, lag sem er þekkt frá 16. öld þótt enski textinn sé ekki nema aldar gamall, og síðan írskt jólalag kennt við Wexford-sýslu (**The Wexford carol**). Að síðustu fáum við að heyra enduróm frá Suður-Frakklandi, því í loklaginu fléttar Chilcott saman jólasöng frá Búrgundarhéraði og tónlist sem Georges Bizet (1838–1875) samdi við leikritið *Stúlkan frá Arles* eftir Alphonse Daudet og byggði á próvensalska dansinum Farandole.

Svanhildur Óskarsdóttir

# Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiöla

Vera Panitch  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Geirbrúður Ása Guðjónsdóttir  
Skelton  
Laufey Jensdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Lin Wei  
Andrzej Kleina

## 2. fiöla

Páll Palomares  
Hekla Finnsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Greta Guðnadóttir  
Þórdís Stross  
Kristján Matthíasson  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir

## Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Kathryn Harrison  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

## Selló

Steiney Sigurðardóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Bryndís Halla Gyldfadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir

## Bassi

Xun Yang  
Hávarður Tryggvason  
Jacek Karwan  
Richard Korn

## Flauta

Emilía Rós Sigfúsdóttir  
Martial Nardeau

## Óbó

Julia Hantschel  
Matthías Nardeau

## Klarínnett

Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## Fagott

Clara Manau  
Bryndís Þórsdóttir  
Briánn Ingason

## Horn

Stefán Jón Bernharðsson  
Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Maximilian Riefellner

## Trompet

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## Básúna

Jón Arnar Einarsson  
Sigurður Þorbergsson

## Bassabásúna

David Bobroff

## Túba

Tom Yaron Meyerson

## Harpa

Elisabet Waage

## Píanó/Selesta

Mathias Halvorsen

## Semball

Guðrún Óskarsdóttir

## Pákur

Frank Aarnink

## Slagverk

Steeff van Oosterhout  
Eggert Pálsson

Sérstakar þakkir fær  
Menntaskóli í tónlist  
fyrir lán á sembal.

---

Lára Sóley Jóhannsdóttir  
*framkvæmdastjóri*  
Valdís Þorkeldsdóttir  
*viðburða- og skipulagsstjóri*  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað  
*verkefnastjóri viðburða*  
Hjördís Ástráðsdóttir  
*fræðslustjóri*  
Dagrún Hálfánardóttir  
*mannauðsstjóri*

Jökull Torfason  
*verkefnastjóri dagskrárgerðar*  
Margrét Ragnarsdóttir  
*markaðs- og kynningarstjóri*  
Kristín Björg Björnsdóttir  
*markaðsfulltrúi*  
Svanhvit Hrólfsdóttir  
*fjármálastjóri*

Kristbjörg Clausen  
*nótnavörður*  
Cameron Anderton  
*umsjónarmaður nótna*  
Sigþór J. Guðmundsson  
*verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*  
Björk Björgúlfsdóttir  
*sviðs- og tæknimaður*

# Á döfinni

15.12 **LAUGARDAGUR**  
KL. 14:00 & 16:00

16.12 **SUNNUDAGUR**  
KL. 14:00 & 16:00

## Jólatónleikar Sinfóníunnar



Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa um árabíl notið gífurlegra vinsælda meðal gesta á öllum aldri. Á þessum hátíðlegu fjölskyldutónleikum hljóma sígildar jólaperlur í bland við klassísk jólaævintýri og grípandi hljómsveitartónlist sem kemur öllum í jóla-skap. Ungir hljóðfæraleikarar, ballettdansarar og einleikarar ásamt stúlknaðór Reykjavíkur, Páli Óskari, Jóhönnu Guðrínu og Kolbrúnu Völkudóttur færa hlustendum jólalögin í sannkölluðum hátíðarbúningi. Þá kíkir Maximús Músíkúsn í heimsókn, biður hljómsveitina um að leika uppáhalds jólalagið sitt og fær gesti í sal til að taka lagið. Barbara trúður hjálpar tónleikagestum að finna jólaandann með óviðjafnanlegum kynningum. Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar flytur jólalög á undan og eftir tónleikum í Hörpuhorni. Þetta eru tónleikar fyrir jólabörn á öllum aldri. Tónleikarnir eru túlkaðir á táknmáli.

04.01 **FIMMTUDAGUR**  
KL. 19:30

05.01 **FÖSTUDAGUR**  
KL. 19:30

06.01 **LAUGARDAGUR**  
KL. 16:00 & 19:30

## Vínartónleikar Sinfóníunnar



Hinir sívinsælu Vínartónleikar eru sannkölluð nýársveisla og sú glaðværa tónlist sem þar hljómar gefur tóninn fyrir nýtt ár. Á efnisskránni er að vanda sígild Vínartónlist sem kemur öllum í gott skap – valsar, polkar og galopp – sem og sérvaldar aríur og dúettar úr vinsælum óperettum í flutningi tveggja framúrskarandi einsöngvara, en auk þeirra koma glæsilegir dansarar fram á tónleikunum. Söngvarar Vínartónleikanna í ár eru sópransöngkonan Álfheiður Erla Guðmundsdóttir sem hefur vakið mikla athygli undanfarin ár fyrir glæsilegan og fágaðan söng og baritónsöngvarinn Oddur Arnþór Jónsson sem kemur reglulega fram á tónleika- og óperusviðum á Íslandi og víða um Evrópu. Bæði hafa þau hlotið Íslensku tónlistarverðlaunin, Oddur sem söngvari ársins árið 2018 fyrir hlutverk Michaels í Brothers, óperu Daníels Bjarnasonar, og Álfheiður sem söngkona ársins árið 2021.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS



# Gjöf sem hljómar vel

Með gjafakorti Sinfóníuhljómsveitar Íslands geta tónlistarunnendur á öllum aldri valið tónleika úr dagskrá hljómsveitarinnar. Hægt er að velja einn af fjölmörgum tónleikum Sinfóníunnar eða leyfa viðtakanda að velja sinn eigin viðburð.

Kynntu þér fjölbreytta og litríka dagskrá hljómsveitarinnar á [sinfonia.is](http://sinfonia.is) og gefðu einstaka upplifun. Gjafakortin eru tímalaus og renna ekki út.

Hægt er að kaupa gjafakortin á [sinfonia.is](http://sinfonia.is) eða í miðasölu Hörpu og fá þau afhent í sérstökum gjafaumbúðum.

SINFONIA.IS